

Miðvikudaginn 7. apríl 1937.

Nr. 145/1936. Valdstjórnin

gegen

Frederick Arthur Meggitt

Úrskurður hæstaréttar.

Kærði, er stöðvaður var af varðbátnum Gauti þann 15. júlí 1936, hefir haldið því fram, að hann hafi daginn áður fyrir óhapp misst botnvörpu skips síns, sem orðið hafi föst í botni, og hafi botnvörpu-strengirnir þá slitnað. Skipherra varðbátsins og fleiri menn af honum töldu þess sjást glögg merki á botnvörpuvrunum, að þeir hefðu verið meitlaðir sundur rétt áður en skip kærða var stöðvað, enda hefðu sézt greinileg og ný meitilför í öldustokki skipsins bakborðs megin, og að kærði hefði því þá haft vörpu í sjó og verið að veiðum í landhelgi. Dómsgerðum málsins fylgir margþættur spotti af botnvörpustrengi skipsins, sem talinn er bera þess merki í báðum endum, að hann sé höggvinn eða meitlaður frá strengnum. En kærði kveður botnvörpuvirana hafa slitnað eða höggvitzt í togblökk-inni, þegar varpan festist í botni og hann missti hana daginn áður, og af hans hálfu er því einnig haldið fram, að merki þau, er kunni að hafa verið á virunum, þegar skipið var tekið, stafi þar af, enda er á það bent af hálfu verjanda hans, að strengurinn mundi ekki hafa verið höggvinn eða meitlaður sundur á öldustokknum, þótt því hefði verið að skipta, heldur annarstaðar á skipinu.

Það virðist munu geta skipt máli um úrslit sakar þessarar:

1. Hvort telja megi áðurnefndan virspotta bera

þess merki á báðum endum, að hann hafi verið höggvinn af eða meitlaður eða með öðrum hætti skilinn frá botnvörpustrengnum beinlínis af mannavöldum.

2. Hvort vera megi, að þetta kynni að hafa verið gert með öldustokkinn að undirlagi, og loks

3. Hvort áðurnefnd merki á vírnum kynni að geta verið fram komin við vírslit í togblökkinni.

Áður en lagður verður dómur á mál þetta þykir því rétt að leggja fyrir lögreglustjóranum í Reykjavík að dómkveðja þrjá hæfa og óvilhalla menn til þess, að tilkvöddum sækjanda og verjanda sakar þessarar fyrir hæstarétti, að kveða upp álit sitt um framangreind atriði.

Því úrskurðast:

Lögreglustjóranum í Reykjavík ber að framkvæma ofanefnda dómkvaðningu svo fljótt sem þess er kostur.

Föstudaginn 9. apríl 1937.

Nr. 5/1937. **Réttvísir** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Ólafi Magnúsi Einarssyni og Gunnari Viggó Jóelssyni (Lárus Jóhannesson).

Tveir menn dæmdir fyrir þjófnað. Annar þeirra auk þess dæmdur fyrir hylmingu.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 22. ágúst 1936: Kærður Ólafur Magnús Einarsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 120 daga, en Gunnar Viggó Jóelsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 100 daga.